

16. fundur skólaráðs – 13. ágúst 2024

Fundurinn hófst kl. 8:10

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Íris Huld Christersdóttir og Hákon Steinsson fulltrúar foreldra, Alma Auðunardóttir fulltrúi kennara, Þorgeir Ragnarsson fulltrúi annarra starfsmanna og Magnea Dís fulltrúi grendarsamfélagsins. Sunna Dís Kristjánsdóttir fulltrúi kennara boðaði forföll. Ekki er búið að velja nýja fulltrúa nemenda en fulltrúar síðasta skólaárs eru útskrifaðir úr skólanum.

Dagskrá:

1. Ósk skólans um örlitlar breytingar á skóladagatali. Óskað er eftir því að starfsdagur sem settur var 19. september verði færður til 13. september. Þessi ósk er vegna þess að margir kennarar ætla á læsisráðstefnu í Háskólanum á Akureyri 13. september. Óskin samþykkt án athugasemda.
2. Lögð fram drög að starfsáætlun Engidalsskóla 2024-2025. Umræður um áætlunina og hún samþykkt. Skólastjóri gerði grein fyrir því að nýr deildarstjóri yngsta stigs Stefán Haukur Gylfason hefði tekið til starfa 1. ágúst undir þessum lið.
3. Önnur mál:
 - a. Skólastjóri kynnti lítilega drög að símareglum sem verið er að vinna að fyrir skóla í Hafnarfirði.
 - b. Rætt um frístund og starfið þar. Magnea sagði frá hvernig skipulagið verður og að það verði bara eitt símanúmer fyrir foreldra til að hringja í 5554434. Tekið hefur verið mið af athugasemdum foreldra bæði munnlegum og þeim sem fram koma í foreldrakönnun.

Fundi slitið kl. 8:30